

53. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholtsskóla föstudaginn 9. apríl 2010 kl. 10:00.

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerðir tveggja síðustu funda, nr. 51 og 52. Samþykktar.
Fram kom að ekki hefur borist staðfest fundargerð frá fundi stjórnarinnar með fjármálahópi Kirkjuráðs, sem haldinn var á Biskupsstofu 22. febrúar 2010.

2. Fjármál.
Ársreikningur Skálholts fyrir 2009 er í vinnslu hjá Ríkisendurskoðun.

Formaður fór yfir atriði er varðar Skálholt í fundargerð Kirkjuráðs frá 5. mars s.l. Þar er samþykkt framlag til rekstrar Skálholts kr. 11,7 millj. fyrir 2010. Einnig að húsaleiga verði greidd fyrir árið 2010, framreiknuð samkvæmt byggingavísitölu frá 1. apríl 2008.

Þá var óskað eftir því að stjórn Skálholts gerði grein fyrir stöðu og framvindu verkefnisins um uppbyggingu Þorláksbúðar. Einnig upplýsingar um stöðu Rannsóknarstofu í helgisiðum.

Vinna við byggingu nýja þjónustuhússins er í fullum gangi. Gert ráð fyrir að það verði tilbúið til notkunar í maí.

3. Uppbygging Þorláksbúðar.
Árni Johnsen kom á fundinn.
Formaður rakti sögu undirbúnings vegna uppbyggingar Þorláksbúðar. Stofnað hefur verið félag áhugafólks um verkefnið og því skipuð stjórn.
Árni lagði fram teikningar af byggingunni, unnar af Gunnari Bjarnasyni, og gerði grein fyrir framkvæmdum. Fyrir liggur framkvæmdaáætlun og er stefnt að því að hefja vinnu við fyrsta áfangann í maí í vor, sem er hleðsla veggjanna. Í öðrum áfanga verður húsið reist og stefnt að því að loka búðinni fyrir veturinn. Í þriðja áfanga verður svo lokið við frágang hússins. Í sjóði er til fjármagn til að byggja búðina, framkvæmdir við síðasta áfanga fer eftir fjárinngöngu.
Haft hefur verið samband við Garðar Halldórsson, sem gætir höfundaréttar erfingja Harðar Bjarnasonar. Þá liggur fyrir samþykkt Fornleifaverndar ríkisins.
Senda þarf umsókn um byggingaleyfi til Bygginganefndar uppsveita Árnessýslu og Flóa. Stjórn Skálholts er samþykkt þessari framkvæmd fyrir sitt leiti. Fulltrúar stjórnarinnar í Kirkjuráði munu kynna málið á næsta Kirkjuráðsfundi.

4. Tónlistarmál
Jón Bjarnason organisti kom á fundinn og ræddi um störf sín það sem af er ráðningatímanum. Hann hefur verið að byggja upp kór og er þar kominn með góðan kjarna.
Ekki hefur verið gengið frá samkomulagi um greiðslur til kórsins en það þarf að skoða.

Einnig þarf að ákveða greiðslur til organistans fyrir aukastörf fyrir Skálholtsskóla. Rektor og framkvæmdastjóra falið að gera tillögur þar um.

Þá þarf að endurmeta tímafjölda vinnuframlags organista fyrir hvert viðfang.

5. Önnur mál.

Fulltrúi frá Oidtmann fyrirtækinu í Þýskalandi, Stefan Oidtmann, kom í Skálholt 6. apríl s.l. til að gera úttekt vegna viðhalds og viðgerða á gluggum Skálholtskirkju.

Hann mun vinna greinargerð um viðhaldspörfina og gera kostnaðar- og tímaáætlun fyrir verkið. Skýrslan verður send til stjórnar Skálholts.

Haft var samband við tryggingafélagið Sjóvá vegna innbrots og þjófnaðar í Skálholtskirkju í desember s.l. Tryggingafélagið óskar eftir greinargerð og upplýsingar um verðgildi munanna, sem stolið var.

Formaður fór yfir málefni Helgisiðastofu. Greinargerð verður send til Kirkjuráðs.

Rektor óskar eftir starfsmannaviðtali við stjórn Skálholts á næsta fundi.

Næsti fundur stjórnar Skálholts verður haldinn 18. maí n.k. kl. 9:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.14:55

Hólmfríður Ingólfssdóttir